

Auglýsing

13. desbr. 132 um breyting á yfirsetukvennaumdæmaskipun í Suðuramtinu, eins og hún er ákveðin í auglýsingu, 9. maí 1896 (Stjórnartíðindi, 1896, B. bls. 68—70).

Samkvæmt ályktunum amtráðsins á fundum þess 30. júní—2. júlí 1898 og 23.—26. júní 1899 eru yfirsetukvennaumdæmin í Vesturskaptafellssýslu og Rangárvallasýslu þessi:

Vesturskaptafellssýsla.

1. Hörgslanðshreppur (frá Skeiðarársandi að Geirlandsá).
2. Kirkjubæjarhreppur, að undanskildum Skaptárdal og Á.
3. Langholtssókn (Meðalland).
4. Þykkvabæjarklausturssókn (Álptaver).
5. Ása- og Búlandssóknir (Skaptártunga með Á og Skaptárdal).
6. Hvamshreppur (Höfðabrekku- og Reynissóknir).
7. Dyrhólahreppur (Dyrhóla- og Sólheimasóknir).

Rangárvallasýsla.

1.—9. umdæmi eru hin sömu, sem áður voru, sbr. Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 69, en í stað 10. og 11. umdæmis koma:

10. Kálfsólshóls, Ás- og Háfsóknir utan Þykkvabæjarósa.
11. Oddasókn utan Ytri Rangár og Árbæjarsókn í Holtahreppi.
12. Haga- og Marteinstungusóknir.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 13. des. 1899.

J. Havsteen.

Auglýsing

13. desbr. 133 um breyting á yfirsetukvennaumdæmaskipun í Vesturamtinu, eins og hún er ákveðin með auglýsingum, 9. maí og 9. nóv. 1896 (Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 70—72 og 204).

Samkvæmt ályktun amtráðsins á fundi þess 10.—12. júní 1899 eru yfirsetukvennaumdæmi í Ísafjarðarsýslu þessi:

1. Auðkúluhreppur.
2. Þingeyrarhreppur,
3. Mýrahreppur, að undanskildum Ingjaldssandi.
4. Ingjaldssandur.
5. Mosvallahreppur fyrir sunnan Önundarfjörð, með Kirkjubóli í Korpudal.
6. Mosvallahreppur fyrir norðan Önundarfjörð.
7. Staðarsókn í Súgandafirði.
8. Hólshreppur.
9. Eyrarhreppur.
10. Eyrarsókn í Seyðisfirði, 3: Álptafjörður, Seyðisfjörður, Hestfjörður, og af Ögursókn: Skötufjörður með Vigur, allt að Ögurnesi.
11. Reykjartjarðahreppur og Ögursókn út að Ögurnesi.

12. Nauteyrarhreppur.
 13. Snæfjallahreppur.
 14. Grunnavíkurhreppur sunnan Skorarheiðar.
 15. Grunnavíkurhreppur, norðan Skorarheiðar að Almenningsskarði.
 16. Sljettuhreppur norður að Hvestu og Kjaransvíkurskarði.
 17. Sljettuhreppur norðan Hvestu að Horni.
- 1.—6. umdæmin eru í Vesturísafjarðarsýslu en 7.—17. í Norðurísafjarðarsýslu.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 13. des. 1899.

J. Havsteen.